

# Söggur

Æfintýri

af

Rebba

TIL BARNABARNA

Fire World Publication



# Söggur af Rebba



- 1 Rebbi og Drengur
- 6 Rebbi og Gimbrin
- 10 Rebbi og Gráni
- 14 Rebbi og Minki
- 19 Rebbi og Össi
- 25 Rebbi og Tóta

# Rebbi og Drengur



Drengurinn horfði út um gluggann á sumarhúsinu og sá hvar maður var að elta eitthvað í múnum þar skammt frá. Maðurinn hljóp hálf boginn með prik í hendi og lamdi ótt og títt að einhverju sem fór á undan honum. Drengurinn var spenntur, hvað skyldi maðurinn vera að elta? Fugl kannski?

Drengurinn flýtti sér út á sólpall til að fylgjast betur með þessum eltingarleik, en þegar hann kom út var maðurinn snúinn við og hættur að elta það sem hann var á eftir.

Þar sem drengurinn stóð þarna á sólpallinum, kom mórauður refahvolpur allt í einu hlaupandi úr múnum og stökk uppí fang hans.

Skrítið, drengnum brá ekkert við þetta. Hann horfði bara framan í nef refsins sem var í fangi hans. Refurinn horfði stórum rólegum augum á móti.

„Hvað sumir menn geta verið frekir, hann er búinn að elta mig hér um alla móa,“ sagði refurinn.

„Af hverju?“ svaraði drengurinn hissa. „Ef maður réttir þeim litla fingur þá vilja þeir gleypa alla höndina,“ sagði ylfingurinn spekinglega.

„Hvað áttu við?“ spurði drengurinn. „Ég byrjaði að leika við stelpuna hans þarna við bústaðinn þeirra og þá hann kom út með látum og reyndi að berja mig. Öskraði eins og vitlaus maður og konan hans líka, síðan elti hann mig þar til hann gafst upp. Hvað er eiginlega að þessu fólki?“ stundi litli refurinn.

„Ég veit það ekki, ætli hann hafi ekki verið hræddur,“ svaraði drengurinn. Hann var að reyna að vera mannalegur. „Hræddur, við hvað,..mig? Hræddur við mig?“ hváði **R**ebbi. „Nei, hræddur um að þú myndir bíta stelpuna hans,“ sagði drengur láróma, rétt þorði að nefna þetta eins og hann væri hræddur um að móðga **R**ebba.

Heyrðu, heyrðu, BÍDDU nú við! Af hverju ætti ég að bíta lítið barn eins og mig?“ **R**ebbi var hneykslaður af annarri eins hugsun. „Heldur þú virkilega að það hafi verið þess vegna sem hann reyndi að berja mig? Virkilega?“

Nú var drengurinn orðin nokkuð öruggur með sig, hann hafði líklega hitt naglann á höfuðið. „Já, þetta hefur verið ástæðan fyrir þessum viðbrögðum hans,“ svaraði hann.

„Já þú segir það, en af hverju var þá konan hans alltaf að kalla NÁÐU SKOTTINU?“ **D**rengnum brá, ætli maðurinn hafi viljað fá borgað fyrir skottið? Hann skammaðist sín fyrir þetta. Hann reyndi að breiða yfir þessa skömm gagnvart refnum. „Heldurðu ekki að hún hafi frekar kallað NÁÐU Í SKOTTIÐ Á HONUM.“ **R**ebbi varð hugsí; „Hver er munurinn?“

Drengurinn vildi ekki hætta sér frekar út í þessa umræðu og spurði þess í stað, „hvernig stendur á því að þú talar svona skýrt mál og svo skilur þú mig líka?“ „Ja, já við skiljum hvorn annan og ég skil alla sem skilja mig!“

Drengurinn hugsaði augnablik um þessi orð refsins. „Heyrðu, heldur þú að þú munir skilja vin minn sem er með mér hér í bústaðnum?“ „Já örugglega ef hann skilur mig,“ svaraði Rebbi. Þeir fóru inn og hittu þar vininn sem var að spila í leikjatölvu.

„Vá, hvað ertu með? Ref? En flott,“ sagði vinurinn og var auðsjáanlega hrifinn af refnum. „Já, hann stökk bara upp í fangið á mér hér fyrir utan, hann er rosalega gæfur. Viltu halda á honum?“ Drengurinn rétti vini sínum hvolpinn. „Ha, nei..., ég hef aldrei haldið á ref.“ Hann dustaði kjöltu sína eins og til að afsaka sig að vilja ekki refinn í fangið. „Hann er skítugur,“ sagði hann í afsökunartón.

„Allt í lagi, en þú getur talað við hann, hann skilur þig,“ sagði drengurinn ákveðinni röddu, eins og til að hvetja vin sinn. Vinurinn horfði skringilega á drenginn, var hann að gera að gamni sínu? „Skilur hann þig?“ spurði vinurinn. Það var vantrú í röddinni. „Já, hann skilur allt sem ég segi, segðu eitthvað og sjáum til hvort hann skilur það,“ svaraði drengur glaðlega. Vinurinn hikaði, en sagði upphátt og skýrt: „komdu hérna Rebbi, sestu og vertu kyrr.“ Refurinn svaraði ekki og horfði bara á vininn.

Drengurinn leit á refinn: „hvað, skilur þú hann ekki?“

„Hvernig á ég að skilja þetta, það kom bara eitthvað hljóðarugl, það var ekki mitt mál.“ sagði **Rebbi**

„Þitt mál? Hvað áttu við,“ hváði drengurinn.

„Það sem ég segi, - ég skildi ekkert af því sem hann var að segja,“ svaraði

**Rebbi**. „Hvernig skilur þú þá mig?“ **Drengurinn** var hissa. Hann gekk út á

veröndina með hvolpinn í fanginu. „Nú, af því að þú talar mitt mál.“ **Rebbi**

horfði stórum augum á drenginn. Nú var drengurinn orðinn meira en hissa.

„Þú talar og skilur mitt mál, af hverju skilur þú þá ekki vin minn?“ „Ég veit

það ekki, sagði **Rebbi**, -ég veit bara að við tveir skiljum hvorn annan,“ svaraði

**Rebbi** litli um leið og hann stökk úr fangi drengsins og hvarf út í móa.



## Rebbi og lambið Gimbur.

Það var fagur sumardagur og Rebbi rölti í hægðum sínum meðfram ánni. Hann var svo upptekinn að horfa á sólargeislanna glampa á yfirborði árinna að hann tók ekki tekið eftir lambinu á hinum bakkanum fyrr en allt í einu.

Rebbi nam staðar. Lambið stóð líka kyrrt og horfði á hann forvitnum augum.



Rebbi var dálítið hissa. Venjulega eru þau hrædd við hann, en lambið stóð þarna alveg rólegt.

Rebbi hugsaði með sér að þetta væri einstakt tækifæri sem hann yrði að nota.

Með lymaskulegum svip og ísmeygilegri röddu kallaði

Rebbi til lambsins: „Hvað er að sjá þig, lambið mitt, aleitt á ferð. Týndir þú mömmu þinni, greyið?“

Lambið leit í kringum sig eins og til að athuga með mömmu sína, snéri sér aftur að Rebbi, horfði á hann drygklanga stund og sagði með mjúkum róm: „Hver ert þú, ertu kind? Þú ert skríttin kind!“

Rebbi kom þetta á óvart, hverskonar spurning var þetta, var hann kind? Vissu ekki allir að hann var refur og ógnvaldur allra kinda og lambið hélt að hann væri kind, og það skríttin í þokkabót.

En svo áttaði Rebbi sig allt í einu. Lambið hafði aldrei séð ref og enginn nærri til að sýna hvernig ætti að bregðast við ref.

„Já, kæra lamb, ég er kind ofan af fjöllum, við erum öðruvísi þar, gæran mín.“

Rebbi bætti við; „Komdu nú yfir á bakkann til mín svo við getum spjallað betur saman.“



Lambið horfði lengi á **R**ebba áður en það svaraði. Skríttin kind þetta, hugsaði hún, ullin öðruvísi, skottið mjög langt og stórt og hún minnti hana frekar á skepnur sem hún hafði séð þegar hún var pínulítill, þær höfðu verið svo hávaðasamar en þessi var það ekki. „Hvað heitir þú? Ég heiti **G**imbur,“ sagði hún án þess að svara spurningum hans.

**R**ebbi var að verða pirraður enda glörlungur. Hann varð að passa sig að styggja ekki lambið, hann gat ekki stokkið yfir lækinn. heldur yrði hann að tæla lambið til sín.

„Sæl vertu **G**imbur, ég heiti Tófa og af því ég er minni en þú, þá kemst ég ekki yfir til þín. Stökktu þú nú yfir lækinn til mín, **G**imbra mín.“

**R**ebba fannst það hljóma betur að heita Tófa en Refur.

„Mamma hefur sagt mér að tala ekki við ókunna, þó það séu aðrar kindur,“ sagði **G**imbur og stóð róleg í sömu sporum og horfi á **R**ebba.

Það þykknaði í **R**ebba. „En rýjan mín, ef þú tala aldrei við ókunna þá kynnist þú aldrei neinum,“ og bætti við: „það verður heldur leiðinlegt líf, finnst þér ekki?“ Hann var rogginn með sig, fannst sjálfum rökin góð.

„Jú,“ sagði **G**imbra, „en mamma segir, að eftir því sem ég verði eldri þá læri ég að kynnast öðrum.“ **R**ebbi og reyndi eins og hann gat að setja upp sakleysissvip þó maginn ólgaði af hungri  
„Er ekki tími til komin að hitta fleiri en þú þekkir í dag? Þú getur kynnst mér!!“ sagði hann.

„Mamma segir að ef einhver reyni að sannfæra mig um annað en ég held sjálf, þá eigi ég ekki að trúa því,“ sagði Gimbra blíðum rómi. Rebba hugsaði sig um og sagði lævíslega. „Af hverju trúir þú mömmu þinni? Getur hún ekki haft rangt fyrir sér?“

Lambið horfði opnum augum á Rebba og svaraði: „Ég trúi mömmu, ég trúi þeim sem ég treysti.“

„Hvernig veistu hverjum þú átt að treysta?“ sagði Rebba, því ekki treysti hann sjálfur neinum.

„Ég finn það inn í mér,“ svaraði lambið ákveðið. „Tófa, treystir þú ekki mömmu þinni?“

Þetta kom óþægilega við Rebba, treysti hann ekki mömmu sinni? Það var svo langt síðan hann átti mömmu. Samt mundi hann eftir því sem ylfingur að elta mömmu sína hvert sem hún fór og alltaf gaf hún honum að éta, jú og gott var að hrjúfa sig að heitum feldi hennar. Auðvitað hafði hann treyst henni.

Rebba refur hristi sig allan, hann átti erfitt með að svara þessu. Tilfinningin var góð þegar hann rifjaði þetta upp. En núna þegar hann horfði á saklaust lambið leið honum ekki vel.

„Jú, jú, auðvitað treysti ég henni,“ svaraði hann lágum rómi og hengdi hausinn ofurlítið. „Hún var góð.“

„Var?“ Gimbra hikaði: „Áttu hana mömmu þína ekki lengur,“ spurði hún lágum rómi svona eins og hissa á svipinn.

Rebba fékk kökk í hálsinn, nú leið honum enn verr, hann vildi ekki rifjað upp þegar hann horfði á hvernig hún dó - í þessari gildru.

Allt í einu fannst honum þetta allt tóm vitleysa. Hvað var hann að hugsa, að tala við eitthvert lamb útí haga, honum væri nær að finna sér einhverjar mýs í matinn.

Jæja, jæja, ég verð víst að halda áfram,“ sagði **R**ebbi og reyndi að leyndu því að hann var með tárin í augunum.

„Farðu nú og finndu hana mömmu þína og skilaðu kveðju frá **R**ebba til hennar, hún hefur örugglega heyrt af mér,“ sagði **R**ebbi og núna með styrkri og hárrí röddu.

Hann gat ekki látið orðspor sitt bíða hnekki. Hann þaut af stað og veifaði löngu loðnu skottinu sínu eins og í kveðju.

**G**imbra horfði á eftir **R**ebba. Hvað?, Tófa hafði breyst og hún hljóp allt öðruvísi en kind. Hvað meinti hún með því að kalla sig **R**ebba?

Jæja, best að finna mömmu og skila kveðjunni. Hvernig skyldi mamma kannast við hann? Hún myndi segja mömmu sinni alla söguna hvernig hún kynntist Tófu og um hvað þær töluðu. Kannski ættu þær eftir að hittast aftur?



## Rebbi og fákurinn Gráni.

Rebbi refur var á rölti inní dal þegar hann sá hvítan hest á beit. Honum var fremur illa við hesta, þeir áttu til að hlaupa á eftir honum og reyna að sparka í hann og það gat vel orðið hans bani ef hann yrði fyrir sparki.

Rebbi skildi ekki af hverju þeir höguðu sér þannig, ekki var hann að áreita þá á nokkurn hátt og því reyndi Rebbi ávallt að forðast þá.

Nú ákvað því að sneiða framhjá honum ofar í hlíðinni, hann myndi þá hlaupa beint upp fjallið ef hesturinn gerði atlögu að honum.

Rebbi fór hratt yfir og þegar hann var að nálgast, leit hvíti hesturinn upp og horfði á hann forvitnum augum.



**R**ebbi hægði ferðina og stoppaði. Þeir horfðu á hver á annan í nokkra stund. **R**ebbi var á verði fyrir því hvað hesturinn ætlaði að gera. Hann var tilbúinn að hlaupa beint uppí fjall ef hesturinn hreyfði sig í áttina til hans. “Hvaða asi er á þér” sagði hesturinn upp úr þurru.

**R**ebbi varð steinhissa, enginn hestur hafði nokkurn tíma yrt á hann, fremur fræst að honum áður en þeir runnu á hann.

„Ég..., ég er bara að fara inní dal,“ svaraði **R**ebbi óstyrkum rómi.

„Hvað er að sjá þar?“ spurði fákurinn og leit fram dalinn og aftur á **R**ebba í spurnartón.

**R**ebbi hikaði „svo sem ekkert sérstakt,“ „ég er bara vanur að fara þessa leið, í ætisleit“ svaraði hann.

„Jamm,“ ansaði **G**ráni. „Grasið er oft grænna þar, sérstaklega síðsumars, en það er svona mánuður í það. Heyrðu, ég er kallaður **G**ráni. ”En segðu mér,“ hann hélt áfram, „ég sé ykkur refina aldrei saman, alltaf einir á ferð, af hverju er það?“

**R**ebbi átti ekki vona á svona spurningu - af hverju erum við alltaf einir á ferð? Hann hugsaði sig um en ekkert svar kom upp í huga hans.

Hann áttaði sig núna á því að hann var alltaf EINN. Allir refir voru alltaf einir, aldrei saman í hóp, þannig var það bara.

Það var löng þögn og allan tímann horfði **G**ráni á **R**ebba. Að lokum svaraði

**R**ebbi: „Ja, þannig er það bara hjá okkur, ég á til dæmis þennan dal frá fjalli og niður að sjó og enginn annar refur á hér bú, ég myndi reka hann burtu ef hann reyndi,“ svaraði **R**ebbi og það gætti stolts í rómnum.

„Athyglisvert,“ sagði Gráni. „Hjá okkur er þetta öðruvísi, hestar eru yfirleitt í hjörð, við höldum hópinn en það er bara einn foringi í hópnum,“ og bætti við hugsi „sem telur sig eiga hjörðina.“

„Af hverju ert þú þá einn hér,“ spurði Rebbi.

„Ja, ég var rekinn úr hjörðinni...,“ Gráni hengdi haus.

„Nú, af hverju?“ skaut Rebbi inn í. Þetta fannst honum athyglisvert.

Gráni rétti úr sér. „Ég var foringi í hjörð minni lengi, en svo kom ungur klár og skoraði mig á hólm og ég...tapaði, þess vegna varð ég að yfirgefa hjörðina,“ sagði Gráni með þungur í rómi.

„Hvað svo, verður þú þá alltaf einn sem eftir er?“ spurði Rebbi og fannst þetta eiginlega nokkuð spennandi.

„Nei, ætli ég fái ekki að koma aftur í hópinn í haust eða á næsta ári þegar sá ungi er orðinn öruggur með sig,“ svaraði Gráni eins og hann væri sáttur við hlutskipti sitt.



Skrítið, hugsaði **R**ebbi. Hann hafði aldrei hugleitt að einhver refur gæti átt dalinn nema hann. Hvernig fékk hann dalinn? Hann ólst hér upp í holunni sinni. Hann mundi ekki eftir að hafa búið hana til en einhver hafði búið hana til! Hver gæti það hafa verið? Hver myndi svo eignast holuna hans seinna?

**R**ebbi var svo niðursokkinn í vangaveltur sínum að hann tók ekki eftir því að **G**ráni var að tala við hann. „..., kvinnu?“ „Hvað sagðirðu?“ svaraði **R**ebbi utangáttar.

„Áttu ekki kvinnu?“, spurði **G**ráni aftur. „Kvinnu?“ hváði **R**ebbi, alveg eitt spurningamerki í framan.

„Já, kvinnu, ég átti margar,“ stundi **G**ráni.

„Já, ha, svoleiðis,“ svaraði **R**ebbi vandræðalega, hann hafði nú ekki beint áhuga á að ræða við hest um kvennamál sín.

„Ja, ég á vinkonu, við lékum okkur stundum saman áður fyrr og ég hitti hana stundum,“ svaraði **R**ebbi, eiginlega rjóður í framan.

**G**ráni horfði á hann og áttaði sig á því að **R**ebbi var yngri en hann hafði ætlað. Hann ákvað að fara ekki meira út í þessa sálma.

**R**ebba fannst þetta vandræðaleg umræða, en spurði allt í einu; „Af hverju talaðir þú við mig? Venjulega yrða hestar aldrei á mig, þeir ráðast frekar á mig ef ég kem of nálægt þeim. Af hverju er það?“

**G**ráni horfði á hann spurnaraugum en svaraði svo: „Ja, mig langaði að ræða við þig, það er enginn annar hér á ferli og ég er hálf einmanna.“

„Af hverju“? Spurði **R**ebbi. **G**ráni var hissa á spurningunni. „Ja, þegar ég var forystuhestur bar mér skylda til að vernda folöldin í hjörðinni og ég hrakti alla frá sem mér fannst koma of nærri þeim.“

Nú skyldi **R**ebbi þetta, það sem hann hélt að væri árás á sig var einungis viðbrögð til verndar folöldunum. Honum var létt.

„Jæja,” sagði **R**ebbi stundarhátt, „ég þarf að halda áfram inn eftir og ég sé þig kannski þegar ég kem til baka.“

„Já endilega,“ svaraði **G**ráni; „heldurðu að það verði seint?“ bætti hann við, en **R**ebbi var þotinn af stað og heyrði ekki síðustu orðin.






## Rebbi refur og minkurinn Minki.

Þegar **R**ebbi dag einn gekk með ánni í rólegheitum og kom fyrir stóran klett, sá hann mink hinum megin við ána. Rebbi snarstoppaði. **M**inkurinn að hrista af sér vatni, nýkominn úr ánni og fengur hans, fallegur silungur lá á bakkanum.

Nú varð minkurinn hans var, starði á **R**ebba og hvæsti lágt, tilbúinn að grípa feng sinn og koma sér burt ef **R**ebbi gerði sig líklegan til að koma yfir ána.

En það var óþarfa varkárni, áin var djúp þarna og **R**ebbi tók enga áhættu að reyna að komast yfir. Hann var ekki það vel syndur, hann mynd bara berast niður ána með straumnum. Kannski kæmist hann yfir hana talsvert neðar og þá yrði minkurinn kominn langt í burtu.



„Þú ert að veiða hér á mínu svæði“  
urraði **R**ebbi og sýndi tennurnar.

**M**inki var enn að meta aðstæður en virtist vera að komast að sömu niðurstöðu og

**R**ebbi, að engin hættu var á að **R**ebbi kæmist yfir.

„Ha, ha, þínu svæði! Þú nýtir ána alls ekkert,“ og bætti við kvikindislega, „þú ert ekki einu sinni almennilega syndur til þess“

Það var breitt glottið á **M**inka þegar hann sagði þetta.

-Svakalega er þessi gaur kokhraustur-, hugsaði **R**ebbi, en sagði, „þú hagar þér eins og í hæsnabúi, bíddu bara þangað til að ég næ í lurginn á þér.“ Hún var heilög reiðin í brjósti **R**ebba.

„A ha, segir hver? Mér sýnist nú að sumir geri það sama, þú vilt bara hafa þetta fyrir þig einan.“ **M**inki sagði þetta í háðslegum tón.

Það sauð á **R**ebba, -þvílík ósvífni í þessu kvikindi. Hann vildi ekki sýna minknum hvað þessi orð fóru í taugarnar á honum.

„Þú ert eins og ryksuga hér um fuglavarpið og étur ekki einu sinni það sem þú veiðir, með slíku framferði hætta fuglarnir að verpa hér og þá hverfur þessi matarkista okkar.

Þú verður að sjá fyrir afleiðingar gerða þinna áður en það er of seint.“ Sagði **R**ebbi myndugum rómi.

Jú, **M**inki kannaðist við það að stundum missti hann stjórn á sér þegar hann sæi mikið af eggjum, hugsunin snérist bara um að bera nógu mikið heim í holu, til kellu sinnar og unga.

Hitt hafði hann ekki hugsað útí, -að þetta gæti haft áhrif á matinn á næsta eða þar næsta ári?



„Nei,“ sagði Minki ábyrgur á svip, „við erum nú ekki svo margir hér að það hafi áhrif.“

„Ekki MARGIR“, hrópaði Rebbi upp, „HALLÓ-, ÞIÐ eruð orðnir alltof margir og farnir að éta frá þeim sem fyrir voru hér í vistkerfinu“

„Hvað meinarðu með ÞIÐ, - vistkerfinu, -hvaða?“ Minki pírði svörtum augunum á Rebbi.

„ÞIÐ, -þið, erlendu minkarnir, þið ryðjist út úr þessum búrum ykkar og vaðið á skítugum löppunum yfir þá sem voru hér fyrir í dalnum og raskið öllu umhverfinu.“ Svaraði Rebbi að bragði.

„Nei, heyrðu mig nú gargaði Minki yfir ána, -mín ætt er búinn að vera hérna frjáls í margar kynslóðir“, það þykknaði í Minka. „Hvenær kom þín ætt nú eiginlega hingað?“

Loksins, loksins. Eftir þessari spurningu hafði Rebbi beðið lengi, -óra-, óralengi.

„Mín ætt nam land hér fyrir æfalöngu, við vorum fyrsta spendýrið sem nam hér land.“ Það var stolt í rödd Rebbi. Hana nú, - það var í þessum landnámsrétti sem hann talaði fyrir hönd dalsins síns.

„Já, það getur vel verið að þið hafið verið fyrstir, -en hvað? Svaraði Minki kæruleysislega. EN, af hverju hafið þið ekki aðlagast betur?“

Minka fannst hann þurfa að verjast, honum leið ekki eins vel og áður en hann hitti þennan Rebbi.

„Hvað áttu við, - ekki aðlaðast“? Spurði Rebbi móðgaður,-hvernig vogaði aðfluttur minkur sér að standa uppí hárinu á honum.

„Nú , þið refirnir eru ekki góðir í að veiða í vatni. Þið getið ekki synt. Mér sýnist því að það sé nægt pláss fyrir okkur til að nýta þessar matarkistur.“

**M**inki hélt áfram. „Svo er það spurning hvort það gefur meiri rétt til að lifa, - að hafa átt heima hér, í lengi eða styttri tíma.“

**M**inki var ánægður með sig þar sem hann stóð yfir silungnum sem hann hafði veitt í ánni.

**R**ebba geðjaðist ekki að þessum rökum, -jú það var að vísu rétt að ætt hans var ekki vel synd og nýtti ekki lagardýr að ráði.

– Að eiga heima í lengri eða styttri tíma? Kannski skipti það ekki máli, meðan pláss var hugsaði **R**ebbi með sér.

„Sko, aðalmálið er að ganga vel um landið“ sagði **R**ebbi yfirvegaður.

„Jú,jú, alveg rétt,-auðvitað “ jánkaði **M**inki ákaflega, hann fann að **R**ebbi var að viðurkenna hann.

„Heyrðu, **M**inki“ sagði **R**ebbi kumpánlega, „hvernig er með þessa minka með GULU augun, sem hafa verið að sleppa nýlega úr búrum. Eru þeir hættulegir, -með sjúkdóma og svoleiðis?“



„Uss, uss, já það er ljóta dæmið, þeir koma hér inní umhverfið fullir af allskonar smiti, það getur verið lífhættulegt ef þeir smita okkur. Þeir eru öðruvísi.“ Minki stundi mæðulega til að leggja áherslu á hvað þetta væri voðalegt og hélt áfram,

„svo halda þeir sig saman í hópum, syngja meira að segja saman. Ég hef líka heyrt að þeir gangi illa um og troðfylli holurnar sínar af mat og svo úldnar allt þar inni og þá grafa þeir bara stærri holur,-þetta er alveg voðalegt“ Minki stundi síðustu orðin.

Minki var stoltur að geta sagt sínum nýja félaganum einhverjar fréttir.

„Ussss,“ stundi Rebbi, „ljótt er að heyra, -heyrðu annars, við hittumst kannski hér oft og spjöllum“.

„Já , endilega“ Minki greip silunginn í kjaftinn og lagði af stað heim í holu, glaður yfir því að hafa eignast þennan nýja vin.



## Rebbi og Össi.

Rebbi, sem hafði setið á þúfu í góðu veðri og horft yfir dalinn sinn, vissi ekki fyrr en hann var sleginn bylmingshöggi sem kútvelti honum marga kollhnísa niður af hólnum.

Þar lá hann ringlaður og vissi ekki hvað hafði skeð.

Hann stökk á fætur og skimaði flóttalegur allt í kringum sig.

Hann sá skugga út undan sér og leit snögg upp, honum brá og stökk ósjálfrátt upp á móti miklu flykki sem kom fljúgandi niður að honum með opnar klær.



-Haförnninn sveif í boga upp og tók flugið að nýju upp í himininn. Sveif síðan að stórum kletti og settist þar, nokkru ofan við hólinn sem Rebbi hafði setið á.

Reiðin sauð í Rebba, hann var ómeiddur, en enn í sjokki eftir höggið, það hafi komið svo óvænt.

„Hvað á þetta að þýða“ hvæsti hann upp í klettinn.

„Gerði ég þér eitthvað?“

Örninn horfði fráum augum á hann, „þú lást svo vel við höggi þarna á hólnum“, sagði hann og það hlakkaði í honum röddin.

„Þú þarft nú ekki að taka þessu svona illa, þetta var nú gert í stríðni,“ sagði Örninn frekar afundinn og skaut augunum.

„Stríðni“ endurtók Rebbi, „það var þá stríðni, - ég meina, þú svona stór og sterkur verður að gæta að kröftum þínum“,

Rebbi hristi sig allan, svona eins og hann væri ekki alveg kominn í samband við sjálfan sig eftir höggið.

„Já, þú átt við það,-ég kom bara fljúgandi og danglaði í þig með öðrum vængnum.“

Örn var heldur skömmustulegur, hafði auðsjáanlega ekki ætlað að valda neinum skaða. –Heyrðu! Kallaðu mig bara Össa.



„Bíddu við, **R**ebbi var heldur fúll,-þú komst aftur og þá varstu með klærnar útglenntar á mig, hvað VAR það.“ Það gætti hneykslunar í röddinni hjá **R**ebba.

„Nú þannig fljúgum við alltaf niður að bráð,-ég ætlaði bara að dingla í þig með hinum vængnum.“

Örn hafði reist hausinn meira upp þegar hann sagði þetta eins og til að leggja áherslu á heiðarleika sinn.

„Hættu nú alveg,- detta ekki af mér allar dauðar lýs. -*Dingla* í mig segirðu. - Hjálpi mér allir vættir. Hvað næst.“ **R**ebbi var yfir sig hneykslaður.

„ Ertu með dauðar lýs,“ Össi var undrandi „ hvaða vætti hjálpa þér? “  
Örninn var eitt spurningamerki í framan.

„Sleppum þessu,-sleppum þessu.“ **R**ebbi sá að það hafði enga þýðingu að halda þessari umræðu áfram.

Hann íhugaði meðan hann mændi upp til arnarins, hvort hann næði að hlau-  
pa upp til hans og glefsa í hann.-Svona í *stríðni*.- áður en hann næði flugi. En  
sá að það var of bratt til þess að það væri hægt.

„Hvar býrð þú, ég hef ekki séð þig áður.“ Spurði **R**ebbi forvitinn.

„Ég bý hér, ég var hjá mömmu og pabba í fyrra, en verð að finna mér eigið  
svæði og líst vel á þennan dal.“ Örn bætti við, “en þú hvar átt þú heima.“

**R**ebbi var orðlaus yfir þessari frekju. „Hægan, hægan, -vinur vors og blóma, -  
engan æsing hérna. ÞETTA er dalurinn minn.“

„ Vinur vors og blóma, -já-ég er það, en ég er ekkert æstur. Getum við ekki  
báðir átt heima hérna,-þetta er stór dalur!“




**R**ebbi reyndi að vera sannfærandi.

„Nei, nei, nei. Nei., það er sko aldeilis ekki. Hann er ekki stærri en svo, að ég á fullt í fangi með að ná mér í svanginn yfir daginn,-það er ekki eins og hér sé endalaus músarnýlenda.“ - - Hann var drjúgur með sig, þetta voru góð rök!  
„Annað hef ég séð á flögri mínu hér í nokkra daga“.

„Nokkra daga, ég hef ekki séð þig hér á flögri“ greip **R**ebbi inní.

„Ég flýg frekar hátt, en eins og ég ætlaði að segja, þá er þessi dalur mjög gjöfull að sjá, mikið af fiski í ánni og sérstaklega mikið af músum og fugli.“  
Örn leit fráum augum kringum sig.



„Ha, nóg af fiski og músum?“ endurtók **R**ebbi, honum fannst þetta ekki passa. Þetta með fiskinn gat svo sem passað, það var nú ekki beint hans hæfileiki að sjá eða ná fiski úr ánni og þar var ansans minkurinn honum fremri. En mýsnar, hann hafi nú haft ansi mikið fyrir því að ná þeim.

Örn greip frammí fyrir **R**ebba, „Ég skal semja við þig, ég hendi til þín nóg af fiski og músum, mér munar ekkert um það og þú hjálpar mér að fæla mófuglanna á loft af og til.“

**R**ebbi trúði ekki sínum eigin eyrum, *-nóg af fiski og músum-*, og bara fyrir að reka fugla á flug af og til, þetta var of gott til að trúa því.

Þar að auki var honum alltaf meinilla við að éta fugla. Það var vont að greypa þetta fiður, - þess vegna mátti Össi eiga þessa fugla fyrir honum.

„Jaa, -já ég get fallist á það fyrirkomulag, EN dalurinn er minn.“ **R**ebbi sagði þetta ákveðinni röddu.

„Dalurinn okkar áttu við“ Örn horfði á **R**ebba.

„Já,já dalurinn okkar“ Rebbi brosti svo skein í allar tennurnar, þetta var happadagurinn hans. Hann þefaði uppí loftið af gömlum vana.



## Rebbi refur og Tóta tófa.

**R**ebbi var að þefa slóð dag einn, -raunar eins og hann gerði alla daga. Eins og aðrir refir stoppaði hann af eðlisávísun öðru hvoru og þefaði upp í goluna og lagði við hlustirnar.

Allt í einu fann hann lykt sem gerði hann óstyrkan og óreiðan. Hvað var þetta?

Annar refur? **R**ebba kannast eitthvað við lyktina, en kom henni ekki fyrir sig. Hann læddist að hól þar nærri og skreið uppá koll hans. Þaðan hafði hann útsýni í þá átt sem lyktin kom.

Hann svipaðist um, -jú þarna, - eitthvað mórautt ráfaði þarna um í þýfðum móunum, líklega í ætisleit. **R**ebbi hnusaði og hnusaði svo honum lá við köfnun af of miklu lofti.

**R**ebbi hnerraði. Þefaði aftur. Jú, nú kom hún aftur þessi þefur, sem var svo sætur að honum fannst. Eins og áður kom óróleiki í hann og hjarta hans sló örar. Hvað var þetta?

Aldrei áður hafði honum liðið svona. Allt í einu hvarf öll varkárni, hann stóð sperrtur upp og gaf frá sér gól.



Um leið stoppaði þetta mórauða í mounum. **R**ebbi fylgdist spenntur með. Jú, þetta var refur. –Nei, -hann hristi hausinn til að koma þessu betur fyrir sig. Þetta var TÓFA. Hann stökk á stað í átt til hennar.

Hann vissi ekki fyrr en hann var komin til hennar, svona léttur hafði hann ekki verið lengi.

Hún stóð og horfði á hann sínum stóru tófuaugum þegar hann var næstum búinn að hlaupa hana um koll. Hún hafði fylgst með honum á hlaupunum og séð að þar fór ungur og hraustur refur og hafði beðið spennt.



„Hæ“, sagði **R**ebbi, hann gat ekki sagt meira í augnablikinu móður og mäsandi. Svakalega var hún ung og flott. Hann reyndi að setja bringuna fram og skottið hærra.

„Hæ“ svaraði hún lágri þýðri röddu.


Honum svimaði, augun, svipurinn, feldurinn og svo þessi yndislega rödd. Öll önnur hljóð hurfu fyrir þessum dýrðlega ómi hennar.

„Hmm.. ertu, ertu ein á ferð,“ spurði hann varfærnislega, en flýtti sér að bæta við „ég heiti **R**ebbi“. Hann svitnaði, hroðalega var þetta eitthvað vitlaust sagt hjá honum, hann ók sér vandræðalega.

„Já“ aftur hljómaði þessi þýðamjúki rómur. „Ég heiti **T**óta tófa“.

Hjartað hamaðist í brjósti hans, -já, já ein, já, jÁAAA. Hann heyrði varla í sjálfur sér fyrir hjartslætti þegar hann spurði hana, „hvaðan kemur þú?“ Hann tiplaði í kringum hana.

„Ég kem héðan sunnan að, mamma rak mig að heiman og sagði mér að fara út í heim“ hún horfði sakleysislega á **R**ebba.



**R**ebba fannst hann heppnasti refur í heimi, að hitta **T**óta tófu á undan öllum öðrum refum var merki um að forlögin voru honum hliðholl. Nú var það undir honum komið hvort hún yrði hans.

„Já einmitt, þessi fallegi dalur er minn, alveg frá fjöru til fjalls og hér er nóg að bíta og brenna. Ég á líka nokkur mjög

góð greni, -á ég að sýna þér þau kannski?“

Nú var hann búinn að leggja öll spilin á borðið. Hver gat boðið betur?

„Takk, það vil ég gjarnan,“ hún varð glöð á svipinn. Hún hafði verið áhyggjufull síðustu daganna, hafði ekki hitt neinn ref. Nú var hún búin að hitta ungan ref með öll þessi hlunnildi.

Þetta gat ekki verið betra, betra en mamma hennar hafði sagt henni að búast við. Hún hafi sagt henni að nóg væri að eiga góðan ref, hitt kæmi af sjálfu sér.

„Ég á þrjú greni, við skulum kíkja fyrst á þetta hér í urðinni,“ hann tölta á stað og hún fylgdi við hlið hans.

Það tók mestan hluta dagsins að skoða öll grenin. **T**óta hafði gert athugasemdir við öll grenin. Vildi breikka göngin eða dýpka og hækka holuna. **R**ebbi hafði skoppað í kringum hana allan tíma og jánkað öllu. Hann sá fyrir sér nokkra daga vinnu í þessum breytingum.

„Viltu þá fara að búa með mér“ stundi **R**ebbi upp, utan við síðasta grenið.

**T**óta brosti undurblítt „**R**ebbi, ég held það bara, grenin verða góð þegar búið er að laga þau.“ Hún hallaði undir flatt, svona til að gera sig fallelgri.

**R**ebbi var við það að falla í yfirlið af sælu,-en hristi sig allan til að ná sér aftur inni veruleikann.

„Ég byrja strax á morgun að laga þau.“- Heyrðu **T**óta mín, ég á eitthvað hér að éta, ertu ekki svöng?“

„Ég er alveg banhungruð, hef ekki borðað í marga daga.-Hvað áttu til?“

„Hvað segirðu, ekki í marga daga.- Hvað er að heyra!“ **R**ebbi var alveg hissa.  
„Af hverju“.


„Æi, ég er svo lélega að veiða.“-„Hvað áttu að borða?“

„Ha, -já, ég á hmmm“ hummaði í **R**ebba—hvað geymdi hann nú í grenunum sínum? --Hann mundi það núna,, „Já, ég á nokkrar mýs og svo á ég fínan silung, viltu hann?“

**T**óta horfði á hann döpur. „Æi, ..ég borða ekki fisk,..og mér finnast mýs vondar, mig flökrar af þeim.“ Hún andvarpaði.

**R**ebbi var alveg hissa..og miður sín. Hann átti ekkert til fyrir hana. En hann var ekki af baki dottinn, „ Hvað finnst þér gott ljúfan?“ spurði hann mjúklega.

„ Æi þakka þér fyrir hugulsemina,-mér finnast fuglar og egg best,-og svo er ég mikið fyrir ber á sumrin og haustin.“



**R**ebbi fékk fiðurbragð í munninn, æi—  
var svo erfitt að reita fugla. Ber,-það yrði seinlegt að bera mörg ber í  
kjaftinum langar leiðir hugsaði hann.

það

„Sjálfsagt mín kæra, ég skal fara strax í að ná í fugl eða egg, ekki viljum við hafa þig svanga.“ **R**ebbi stökk á stað.





# SÖGUR AF REBBA



Texti og myndir Sigurbjörn Svavarsson

Copyright 2010 @ sigurbjörn Svavarsson